

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Rifós	16. ágúst 2018	Lóni, Kelduhverfi	4. en eftirlit árlega
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
500692-2869	31.12.2027	Já	1.000t af laxi og bleikju

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			Já, rúm 400t af bleikju framleidd 2017.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			Unnið er að endurbyggingu á svæðinu og verið að bæta við 4 kerum. Nýr bólusetningagámur og fóðurgámur hafa verið teknir í notkun. Nýtt deiliskipulag hefur verið samþykkt fyrir svæðið. Allur umgangur á milli seiða og matfisksstöðvar er nú bannaður.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			Fishtalk Control vöktunarkerfi hefur verið tekið í notkun sem leysir af hólmi Farm-control. Skráningar í lagi.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		x		Skilað inn 14. maí en síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		x		Skilað 14. maí, útstreymisbókhald á ekki við
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	x			Já, en óskað er eftir uppfærslu á öllum áætlunum. Þær eru komnar á tíma og einnig þarf að bregðast við þeim breytingum sem gerðar hafa verið á stöðinni.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	x			Já, í lagi
Er neyðaráætlun til staðar?	x			Já, óskað eftir uppfærslu

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			x	Umhverfismarkmið kynnt í eftirliti en rekstraraðili hefur ekki sett sér sín eigin.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	x			Nýir fóðurgámar hafa verið teknir í notkun, bæði við seiðahús og við matfiskkvíar. Sjálfvirk fóðurgjöf alstaðar nema við seiðakvíar en stefnt er að þær komi inn á næstunni.
Er skráning á losun fósförs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	x			Í lagi. Mælingar gerðar af Náttúrustofu Norðausturlands 1 í viku í lóninu. Mælt árlega, að vori til, í settjörnum. Minnt er á að reikna þarf gildi fosförmælinganna yfir í kg/framleitt tonn.
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	x			Botn undir kvíum er kannaður á 3ja mánaða fresti með redox mæli og mælingum með stöng. Ekki var mikið um fugl á svæðinu og ekki var að sjá óeðlilega uppsöfnun eða þörungablóma í lóninu.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	x			Í lagi
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	x			22 kvíar eru í matfiskeldinu, 15x15m að stærð, með um 454t lífmassa og 10 seiðakvíar 11x11m

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

				að stærð, með um 107t lífmassa. 21t er í seiðastöðinni
Eru kvíarnar staðsettar innan leyfilegs svæðis skv. starfsleyfi?	x			Já
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	x			Slátrað er 4-5 daga vikunnar upp úr kvíunum, í eigin vinnslu sem staðsett er á svæðinu. Allt slóg fer til Arctic Prótein.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	x			Í lagi
Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Í lagi. Nýtanlegur dauðfiskur og lífrænn úrgangur fer til Arctic Prótein, en annar lífrænn úrgangur fer á urðunarstaðinn á Kópaskeri. Magn sem fór til urðunar árið 2017 var um 25t skv. GB.
Er umhverfissvöktun í samræmi við starfsleyfi?	x			Já
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfissvöktunar.	x			Í ársskýrslu og skýrslu frá Náttúrustofu Norðausturlands
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			Sjá ofar í listanum.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

05.10.2017: Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varða að urðun fer fram án heimildar og niðurstöðum mælinga ársins 2016 hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila. Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi

Samantekt:	<p>Unnið er að byggingaframkvæmdum við stöðina. Gögnum hefur verið skilað til eftirlitsaðila þó svo að þau hafi ekki náð inn fyrir loka skiladag. Mælingar og meðferð úrgangs í lagi.</p> <p>Dælt var undan kvíum 14.-18. júní 2016 en ekki var sótt um leyfi fyrir þeirri dælingu eins og kveðið er á um í gr. 2.14 í starfsleyfi. Dæling er fyrirhuguð næsta vor og var bent á að sækja um þá dælingu í tíma.</p> <p>Eftirfylgnimáli frá síðasta eftirliti er lokið.</p>
Annað	<p>Töluvert rusl var við stöðina og bent er á að huga þarf að góðri tiltekt að framkvæmdum loknum. Hreinsa þarf upp úr settjörn við sláturhús og gang frá uppsöfnuðu dóti við svæði sem áður var notað til koparböðunar.</p> <p>Huga þarf að endurnýjun olúgeymis við matfisksstöð.</p>

G. Stella Arnadóttir

Undirskrift eftirlitsmanns: _____

EFTIRLITSSKÝRSLA

Rífós Kelduhverfi



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	16.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Rífós	Eftirlitsmaður	
Heimili	Lóni	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	500692-2869	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Helgi Þorvaldsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu er varða leyfi til varps í hafið og skil á ársskýrslu og grænu bókhaldi. Ábendingar eru gerðar um uppsöfnun rusls á svæðinu, settjörn við sláturhús og að huga þurfi að endurnýjun olíutanks.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun fór í eftirlitið og vísað er í meðfylgjandi gátlista um umfang eftirlitsins.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Gr. 2.14 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal óska eftir leyfi til varps í hafið til Umhverfisstofnunar, við undandælingu kvía. Skal rekstraraðili sækja um með nýrri umsókn í hvert skipti sem hann kann að óska eftir leyfi til varps í hafið. Ekki var sótt um slíkt leyfir fyrir undandælingunni árið 2016.

Gr. 3.2 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársskýrslan barst eftirlitsaðila með tölvupósti þann 14. maí sl.

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og skila niðurstöðum árlega fyrir 1. maí hvert ár. Grænu bókhaldi var skilað með tölvupósti þann 14. maí sl.

ATHUGASEMDIR

Ábending er gerð um rusl sem var við stöðina og bent er á að huga þarf að góðri tiltekt að framkvæmdum loknum. Einnig er gerð ábending um að hreinsa þurfi upp úr settjörn við sláturhús og gang frá uppsöfnuðu dóti við svæði sem áður var notað til koparböðunar.

Huga þarf að endurnýjun olíugeymis við matfisksstöð.

04.09.2018

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Guðbjörg Stella Árnadóttir

Guðbjörg Stella Árnadóttir